

## Fundargerð stjórnar SOS nr. 311

### Stjórnarfundur SOS

**Staður:** Skrifstofur SASS Selfossi

**Dagsetning og tími:** 17. maí 2022 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Anton Kári Halldósson og Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar. Ingibjörg Kjartansdóttir var forfölluð og mætti Ágúst Sigurðsson í hennar stað. Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason, ráðgjafi hjá Environice, og Bjarni Guðmundsson, SASS.

#### 1. Aukaaðalfundur SOS 2022

Rætt um undirbúning aukaaðalfundar SOS. Stefnt er að aukaaðalfundi SOS þann 16. júní næstkomandi, í tengslum við aukaaðalfund SASS á sama tíma.

#### 2. Samráðsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorninu

Ljúka þarf undirritun svæðisáætlunar en annars er hún tilbúin til birtingar.

#### 3. Aðalfundur Orkugerðarinnar

Umræður um aðalfundargerð Orkugerðarinnar. Þar er staðan orðin mjög góð. Stjórn SOS beinir því til Orkugerðarinnar að skoða hvort finna megi lausn til afsetningar fitu úr fitugildrum, í því samhengi telur stjórn SOS að mögulega gæti Sorpstöðin átt einhverja aðkomu að verkefninu í upphafi.

#### 4. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán kynnti stöðuna í ýmsum verkefnum á sviði úrgangsmála.

Ekki er gert ráð fyrir frekari fundum stjórnar SOS fyrr en eftir að ný stjórn hefur verið skipuð á aukaaðalfundi.

Fundi slitið klukkan 16:45